

## Latína í 5. bekk nýmáladeild (LATÍ2FO06) skólaárið 2019 – 20

### Lýsing

Kenndar eru þrjár stundir í viku. Helstu atriði beyginga- og setningafræðinnar eru útskýrð og æfð. Meðalþungir kennslubókartextar í samfelldu máli eru lesnir, þýddir og greindir málfræðilega og útskýrðir efnislega. Tengsl latneskra orðstofna við nýmálin eru rædd og fjallað er um menningu og sögu Rómverja í tengslum við lestexta.

### Námsefni

1) Oxford Latin Course III. Lesnir verða kaflar 34 – 45. Gert er ráð fyrir að lesa alla texta nema annað sé tekið fram við upphaf hvers kafla.

2) Ítarefni og textar frá kennara

### Námsmat

**Tvö kaflapróf** verða á hvoru misseri, 40 mínútur hvert. Dagsetning ákveðin í samráði við nemendur. Engin hjálpargögn leyfð.

**Jólapróf** í desember úr námsefni haustmisseris. Skriflegt próf í 90 mínútur. Engin hjálpargögn leyfð.

**Hópverkefni** um latneska orðstofna í nýju málunum (fyrirlestur og skil á skriflegum gögnum með heimildaskrá) í febrúar 2019.

### Stúdentspróf

**Árseinkunn (50% af lokaeinkunn)** byggir á fjórum þáttum: a) meðaltali kaflaprófa (35%), b) ástundun (35%) (mætingareinkunn skv. einkunnatöflu í skólareglum og heimavinnu og virkni í tímum), c) jólaprófseinkunn (15%) og d) einkunn fyrir orðstofnaverkefni (15%).

**Skriflegt stúdentspróf (50% af lokaeinkunn)** (3 klukkustundir) í maí úr námsefni alls vetrarins. Engin hjálpargögn leyfð.